

Heimilisfræði 1. bekkur 2023-2024

Lýsing

Fjölbreyttir námsþættir heimilisfræðinnar fela í sér mikla möguleika til að þjálfa færni nemenda á ýmsum sviðum. Námið er hugsað í þrepum sem þyngjast eftir aldri og þroska nemenda og fara frá hinu einfalda til hins flókna og frá hinu nálæga og þekktu til hins fjarlæga og ókunna. Heimilisfræðikennsla er bæði verkleg og bókleg. Órjúfanleg tengsl eru milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Til að styrkja þessi tengsl verða þessir þættir kenndir saman.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Fjölbreyttir námsþættir heimilisfræðinnar fela í sér mikla möguleika til að þjálfa færni nemenda á ýmsum sviðum. Námið er hugsað í þrepum sem þyngjast eftir aldri og þroska nemenda og fara frá hinu einfalda til hins flókna og frá hinu nálæga og þekktu til hins fjarlæga og ókunna. Heimilisfræðikennsla er bæði verkleg og bókleg. Órjúfanleg tengsl eru milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Til að styrkja þessi tengsl verða þessir þættir kenndir saman.

Námsáætlun

1. Bekkur

Birt með fyrirvara um breytingar*

Tími Verkefni

	Hæfniviðmið
Fá bækur. Fara yfir hreinlæti/handþvott, svuntu bls. 2 í vinnubók	
1 Fara yfir eldhúsreglur, bls. 3 í vinnubók.	Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
Skoða eldhús, og eldhúsáhöld.	Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra
Vinna bls. 6-7 í vinnubók.	
Farið er yfir mælingar, dl mál og msk,	Unnið einföld verkefni í hópi
2 Bls. 8 og 9,	Gengið frá eftir vinnu sína
Krakkar æfa sig að mæla vatn og hveiti	
3 Gerum töfradrykk og poppum popp	Jafnan tekið tillit til annarra og unnið með öðrum í hóp
Bls. 11	Gengið frá eftir vinnu sína.
4 Fæðuhringurinn, bls. 14-15	Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
Ræða mjólkurvörur, vinnubók 19-20	Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
5 Gera mjólkurdrykk, bls. 21	Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
6 Samvinna heima og í skóla bls. 16-17 og bls. 32	Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.
Gerum hafragraut bls.12 og ræðum morgunverð.	Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
7 Borðum hafragrautinn	Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.
Góður skóladaður bls. 13	
Tennurnar þínar, bls. 18.	Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
8 Karius og Baktus bók/saga	Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra

9	Sesambollur bls. 10	Jafnan tekið tillit til annarra og unnið með öðrum í hóp. Gengið frá eftir vinnu sína
10	Umhverfið bls 28-29	Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.
11	Ávextir bls. 22, Ávaxtapinnar bls. 24	Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
12	Pizza gerð	Unnið einföld verkefni í hópi. Gengið frá eftir vinnu sína.
13	Kókoskúlur	Unnið einföld verkefni í hópi. Gengið frá eftir vinnu sína.
14	Trallakökur	Unnið einföld verkefni í hópi. Gengið frá eftir vinnu sína.

*breytingar geta verið á tímum vegna tilfallandi þema og/eða hátíðardaga s.s. hrekkjavaka, jól, þorri o.þ.h.

Grunnþættir menntunar

- læsi, við lesum saman upphátt í vinnubókinni okkar og lærum ný orð sem tengjast verkefnum okkar
- heilbrigði og velferð, við byrjum að læra um fæðuhringinn og tannhirðu
- lýðræði og jafnrétti, við æfum okkur í að vinna saman og skipta milli okkar verkefna, allir taka jafnan þátt.
- sköpun, börnin fá að skapa í verkefnum eftir eigin huga
- skoðum fæðuhringinn og könnum saman hvernig við getum borðað fjölbreytt daglega
- í síðasta kennslutíma verða skreyttar bollakökur, þar fær imyndunaraflíð að ráða för.

Námsmat

Engin formleg próf eru í heimilisfræði í 1. bekk. Verkefnið er unnið í lotum og verða metin og færð inn á hæfnikort nemanda við lok lotu.

Kennarar beita eftirfarandi námsmatsaðferðum við mat á vinnu og verkefnum nemenda:

Leiðsagnarmat: er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið (lotuna) með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat getur verið skriflegt eða munnlegt og kennarinn gefur leiðandi umsögn sem nýtist nemendum við áframhaldandi nám.

Frammistöðumat: kennarinn metur hvernig nemandinn vinnur ákeðið verkefni. Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina. Þá er horft til þess hvernig nemandanum gengur að leysa verkefnið af hendi.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Nám og viðfangsefni byggjast fyrst og fremst á virkni í tímum, einstaklingsvinnu og hópsamvinnu.

Að taka verkefnið alvarlega, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi og trúðmennsku, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð, að virða jafnt nemendur sem kennara. Nemendur beri ábyrgð á eigin verkefnum.

Að taka verkefnið alvarlega, vera vel undirbúin, allir vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitsemi, allir hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæður og virða nemendur. Kennari skal vera vel undirbúinn og reyna að miðla þekkingu og kunnáttu til nemenda eftir bestu getu, leita nýrra leiða, afla sér nýrra þekkingar og reyna að læra og gera betur. Hann skal leggja áherslu á góða umgengni og jákvæð samskipti.

Sel - heimilisfræði 1. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - heimilisfræði 1. bekkur - Matur og lífshættir

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Sel - heimilisfræði 1. bekkur - Menningarlæsi

- Unnið einföld verkefni í hópi.
- Gengið frá eftir vinnu sína.

Sel - heimilisfræði 1. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.

Sel - heimilisfræði 1. bekkur - Sjálfstæði og samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið með öðrum í hóp.
- Unnið eftir fyrirmælum.

Sel - heimilisfræði 1. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Af öryggi metið námið og lært af mistökum.